

## **Skipan sameiginlegrar almannavarnarnefndar sveitarfélaganna Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps**

Í samræmi við 9. gr. laga nr. 82/2008, um almannavarnir, skal í hverju sveitarfélagi starfa almannavarnarnefnd sem sveitarstjórn skipar og ákveður sveitarstjórn fjölda nefndarmanna. Almennavarnarnefnd skal skipuð lögreglustjóra þess umdæmis sem sveitarfélagið er í, fulltrúum úr sveitarstjórn og þeim fulltrúum sveitarstjórna sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almenna borgara.

Almannavarnarnefnd kýs sér sjálf formann og varaformann. Sveitarstjórnir ráða starfsmenn almannavarnarnefnda og greiða kostnað af störfum þeirra.

1. gr.

Skipan

Sameiginleg almannavarnarnefnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps skal skipuð eftirtöldum aðilum:

Lögreglustjóranum á Vestfjörðum, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, sveitarstjóra Súðavíkurhrepps, yfirlögregluþjóni lögreglunnar á Vestfjörðum, aðstoðarsaksóknara lögreglunnar á Vestfjörðum, slökkviliðsstjóra Ísafjarðarbæjar, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar, tveimur fulltrúum Súðavíkurhrepps sem sinna almannavörnum fyrir sveitarfélagið, fulltrúa svæðisstjórnar björgunarsveita á svæði 7, fulltrúa Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, og fulltrúa Rauða kross Íslands á norðanverðum Vestfjörðum.

Skipa skal varamenn.

2. gr.

Áheyrnarfulltrúar

Íbúaráð hvers bæjarkjarna er heimilt að tilnefna einn áheyrnafulltrúa til setu í nefndinni. Sé um fleiri en eitt íbúaráð að ræða í bæjarkjarna skulu þau tilnefna einn áheyrnafulltrúa sameiginlega. Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps tilnefnir áheyrnarfulltrúa fyrir Súðavíkurhrepp.

Áheyrnafulltrúi hefur rétt til að sitja alla nefndarfundi, tillögurétt og málfrelsi.

Eftirfarandi bæjarkjarnar eru: Súðavíkurhreppur, Ísafjörður, Hnífsdalur, Suðureyri, Flateyri, Þingeyri.

3. gr.

Verkefni

Almannavarnarnefnd mótar stefnu og skipuleggur starf sitt að almannavörnum í héraði í samræmi við lög nr. 82/2008, um almannavarnir. Nefndin vinnur að gerð hættumats og viðbragðsáætlana, í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Nefndin skal endurskoða hættumat og framkvæma prófanir á viðbragðsáætlunum í samvinnu við ríkislögreglustjóra.

4. gr.

Aðgerða- og vettvangsstjórn

Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjóra í viðkomandi lögregluumdæmi.

Í aðgerðastjórn sitja, auk lögreglustjórans á Vestfjörðum, yfirlögregluþjónn lögreglunnar á Vestfjörðum, fulltrúi almannavarnarnefndar, sem nefndin tilnefnir, fulltrúi Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, fulltrúi Rauða kross Íslands, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og fulltrúi slökkviliðs Ísafjarðarbæjar. Skal hver fulltrúi jafnframt hafa varamann.

Auk framantaldra aðila er heimilt að fá í aðgerðastjórn hvern þann viðbragðsaðila sem þörf er á, eftir eðli og umfangi aðgerðar.

Aðgerðastjórn starfar í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð. Í stjórn aðgerða felst m.a. skipulag björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í samvinnu við samhæfingar- og Stjórnstöð.

Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra er fer með stjórn og samhæfingu á vettvangi. Getur hann fengið fleiri með sér til aðstoðar, sé þörf á.

Ísafjörður, 27. febrúar 2020

  
Bragi Þór Stefánsson

  
Hósti Gunnarsson

